

# Greinargerð útgáfa rekstrarleyfis FE-1215

## 1. Almennt

Fiskeldið Haukamýri ehf. (kt. 660706-1190), Haukamýri, 640 Húsavík, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna landeldis á 850 tonnum af laxi, bleikju og regnbogasilungi í seiða- og matfiskeldi að eldisstöð sinni á Haukamýri við Húsavík, dags. 2. maí 2023.

Fiskeldisstöð Fiskeldisins Haukamýri ehf. er staðsett í Haukamýri við Húsavík og er með frárennsli um eina lögn niður að bakkanum þar sem það rennur niður í fjöru. Í frárennislögninni verður komið fyrir 1. stigs hreinsun, aðstöðu til að þykkja seyru og geymslurými fyrir seyruna. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum körum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og þar að auki mun allt frárennsli stöðvarinnar fara um síu áður en það rennur í Skjálfandaflóa. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í körum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 19. desember 2023 til 16. janúar 2024 og engin athugasemd barst vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Fiskeldisins Haukamýri ehf. var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 18. október. 2023. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 7. nóvember 2023. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 19. desember 2023 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna rekstrarleyfis Fiskeldisins Haukamýri ehf. í Haukamýri kemur fram að fyrirhugað eldi muni fyrst og fremst hafa möguleg áhrif á viðtaka en að með hliðsjón af þeim áðgerðum sem kynntar eru til að auka hreinsun á frárennsli muni áhrif á vatnsgæði verða óveruleg en að mikilvægt sé að viðtaki verði vaktaður. Þá telur Skipulagsstofnun að búnaður stöðvarinnar sé nægilegur til að óverulegar líkur séu á að eldisfiskur sleppi og blandist við villta fiska. Umhverfisstofnun setur losunarmörk út frá fôðurnotkun eldis, hreinsun frárennslis og aðstæðum við útrás viðtaka. Matvælastofnun telur að með því sé tryggt að lágmark lífræns úrgangs berist út í viðtaka. Auk þess telur Skipulagsstofnun tiltekna óvissu fyrir hendi um hver áhrif fyrirhugðra framkvæmda verða á gróðurfar og fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Æskilegt er að fram fari úttekt á gróðurfari og fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Með því er traustari grundvöllur til að staðsetja fyrirhuguð mannvirki með þeim hætti að tekið sé tillit til mögulegra vistgerða og halda raski annara svæða í lágmarki.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Fiskeldisins Haukamýri ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum,

ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Fiskeldisins Haukamýri ehf. í Haukamýri við Húsavík er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

### 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Norðurþingi þann 23. maí 2023.

Sveitarstjórn Norðurþings veitti umsögn þann 30. maí 2023 og vísaði í samþykkt deiliskipulags fyrir fiskeldi í Haukamýri á Húsavík þann 16. mars 2023. Þar er sérstaklega gert ráð fyrir að lífmassi í stækkaðri fiskeldisstöð geti orðið allt að 850 tonn. Skipulags- og framkvæmdaráð Norðurþings, veitir f.h. Norðurþings, jákvæða umsögn um veitingu rekstrarleyfis vegna fiskeldis í Haukamýri.

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu né Hafrannsóknarstofnun

### 4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Fiskeldisins Haukamýri ehf. í Haukamýri við Húsavík. Rekstrarleyfið heimilar 850 tonna hámarkslífmassa á laxi, bleikju og regnbogasilungi til seiða- og matfiskeldis að eldisstöðinni á Haukamýri við Húsavík.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrareyfis þessa fellur rekstrarleyfi (FE-1053) til fiskeldis hjá Fiskeldinu Haukamýri ehf. úr gildi. Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 19. 02.2040.

Selfoss 19. febrúar 2024